

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1056

komudagur 12/3 1996

Íbnaðar- og viðskiptarábuneytið
 Arnarhváll - Sími 560-9070 - Bréfsími 562-1289

SÍMBRÉF

Móttakandi: Guðjón Rúnarsson Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingi Bréfsími: 563 06 10	Sendandi: Tryggvi Axelsson Tilvísun: 94120031 Bréfalykill:
Sent: 11. mars 1996	Fjöldi síða :3

Efni: Skilgr. "nán tengsl" og 9. gr. frv. verðbr. viðskipti


Sæll Guðjón!

Sendi þér hjálagt drög að samræmdu orðalagi að skilgr. um "nán tengsl" (þ.e. samræmi milli bankafrv. og verðbréfavíðskiptafrv.) og er meðf. orðalag það orðalag sem ýmsir sérfræðingar eru ánægðastir með.

Ennfremur er að finna hjál. tillögu að viðbót í 9. gr. frv. um verðbréfavíðskipti sem skilgr. nánar inntak þeirrar heimildar sem verðbréfamíðlarar skulu hafa til viðskipta með verðbréf fyrir eigin reikning. Þetta atriði er komið inn við unnræður í nefndinni en gagnrýni hefur verið að ekki séu sett inn nánari ákvæði um þær takmarkanir sem eru tengdar þessari heimild og koma fram í 3(1). gr. tilskip. 93/6. Hjál. tillaga er frá ráðuneytinu komin en ég hef rætt hana við Jóhann Albertsson í bankaeftirliti og hann telur að jafnvel mætti ganga lengra og setja inn fleiri skilyrði sem koma fram í 3(1). gr. tilskip. Ég tel hins vegar að hjál. tillaga ætti að nægja og síðan væri kveðið á um nánari útfærslu í reglugerð.

Læt þetta nægja í bili, en auk till. sendi ég ljósrit af 3(1). gr. tilskip.

Með bestu kveðju,


 Tryggvi.

Viðskiptaráðuneytið

TENGLDOC

11. mars 1996

1. Ráðuneytið telur eðlilegt vegna skilgreiningar á hugtakinu "náin tengsl": að orðalag sé samræmt í lögum um viðskiptabanka og lögum um verðbréfavíðskipti. Sérfræðingar hafa litið á þetta og er niðurstaðan sú að best sé að miða við orðalag eins og það liggur fyrir í drögum að breytingartillögum um frv. til breytinga á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði með smávægilegri breytingu þó.

Orðalag skilgr. í frv. til breyt. á lögum nr. 43/1993 yrði því eftirfarandi:

Með umsókn skulu, auk upplýsinga samkvæmt 2. mgr., fylgja gögn um náin tengsl stofnunar við einstakling eða lögaðila. Með nánum tengslum er átt við tengsl tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um náin tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki eða sambærileg tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.

2. Orðalaga í frv. til laga um verðbréfavíðskipti yrði því eftirfarandi:

Náin tengsl: Tengsl tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um náin tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki eða sambærileg tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.

3. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur við meðferð frv. á lagt til breytingu á starfsheimildum verðbréfamíðlara skv. 9. gr. frv. Ráðuneytið telur að heimilt sé skv. 3. gr. tilskipunar ESB nr. 93/6 að heimila verðbréfamíðlunum að eiga víðskipti með verðbréf innan þeirra takmarka sem um getur í 3(1). gr. tilskipunarinnar, fullnægi þeir skilyrðinu um að stofnfé verðbréfamíðlunarinnar sé a.m.k. 125 000 ecu. Til þess væntanleg lög um starfsemi verðbréfamíðlara séu skýr varðandi þetta væri þó vafalaust rétt að taka inn ákvæði sem fjallaði nánar um þetta atriði. Hér á eftir er að finna tillögu að slíku orðalagi:

Við 9. gr. frv. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Verðbréfmíðlun er heimilt að eiga víðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning enda nemi innborgað hlutfé a.m.k. 10 milljónum króna og þess sé getið í starfsleyfi. Heildarmarkaðsvirði þeirra verðbréfa sem verðbréfamíðlun er heimilt að varðveita fyrir eigin reikning skal ekki fara yfir 15% af stofnfé en nánari reglur um starfsheimildir verðbréfamíðlunar samkvæmt þessari málsgrein, s.s. innan hvaða tímamarka slík víðskipti eru heimil skal setja nánari ákvæði í reglugerð að fenginni umsögn bankaestírlíus Seðlabanka Íslands.

25. „upphaflegt eigið fé“: samtala 1., 2. og 4. tölul. að frádreginni samtölu 9., 10. og 11. tölul. 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 89/299/EBE;
26. „fjármagn“: eigið fé;
27. „breyttur gildistími“: gildistími reiknaður með aðferðinni í 26. lið I. viðauka.

3. Stofnfé allra annarra fjárfestingarfyrirtækja skal vera 730 000 evrópskar mynteiningar (ECU).

4. Stofnfé fyrirtækja sem um getur í 60rum og þriðja undirlíð 2. mgr. 2. gr. skal vera 50 000 evrópskar mynteiningar (ECU), svo fremi þau njóti staðfesturéttar eða veiti þjónustu samkvæmt 14. eða 15. gr. tilskipunar 93/22/EBE.

STOFNFÉ

3. gr.

1. Fjárfestingarfyrirtæki sem taka til vörslu peninga viðskiptamanna og/eða verðbréf og bjóða upp á einhverja eftirlitlaða þjónustu skulu hafa stofnfé sem nemur 125 000 evrópskum mynteiningum (ECU):

- móttöku og miðlun á fyrirmælum fjárfesta varðandi fjármálaskjöl,
- framkvæmd fyrirmæla fjárfesta varðandi fjármálaskjöl,
- stjórnun fjárfestingarsamvals fjármálaskjala fyrir einstaka aðila,

að því tilskildu að þau versli ekki með fjármálaskjöl fyrir eigin reikning eða úbyrgist útgáfu fjármálaskjala á grundvelli fastrar skuldbindingar,

Eignarhald á stöðum í fjármálaskjöllum utan viðskiptabókar, til að fjárfesta eigið fé, telst ekki viðskipti í skilningi fyrsta málsliðar eða annarrar málsgreinar.

Þó geta lögbær yfirvöld helmilað fjárfestingarfyrirtækjum, sem framkvæma fyrirmæli fjárfesta varðandi fjármálaskjöl, að varðveita slík skjöl fyrir eigin reikning ef:

- slíkar stöður eru aðeins til komnar vegna þess að fyrirtækið getur ekki fullkomlega framkvæmt fyrirmæli fjárfesta,
- heildarmarkaðsvirði slíkra staðna fer ekki yfir 15% af stofnfé fyrirtækisins.
- fyrirtækið uppfyllir kröfumar í 4. og 5. gr., og
- slíkar stöður eru tilfallandi og til bráðabirgða og algerlega takmarkaðar við þann tíma sem þarf til að annast þau viðskipti er um ræðir.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að lækka fjárhæðina sem um getur í 1. mgr. í 50 000 evrópskar mynteiningar (ECU) ef fyrirtækið hefur ekki leyfi til að taka til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptamanna, versla fyrir eigin reikning eða úbyrgjast útgáfu á grundvelli fastrar skuldbindingar.

5. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. geta aðildarríkin viðurkennt áfram leyfi fjárfestingarfyrirtækja og fyrirtækja sem um getur í 4. mgr. og starfrækt voru fyrir gildistöku þessarar tilskipunar, jafnvel þótt eigið fé þeirra sé minna en stofnfé það sem tilgreint er í 1. til 4. mgr. Eigið fé slíkra fyrirtækja má ekki fara niður fyrir hæsta viðmiðunarstig sem er reiknað út eftir að tilkynnt hefur verið um þessa tilskipun. Þetta viðmiðunarstig skal vera daglegt meðaltal eigin fjár reiknað út frá næstlönnum sex mánuðum áður en útreikningurinn fer fram. Viðmiðunarstigið skal reiknað á sex mánaða fresti fyrir undanfarandi tímabil.

6. Ef stjórn fyrirtækis sem 5. mgr. tekur til er yfirtekin af 60rum einstaklingi eða lögpersónu en þeirri sem fór áður með stjórn þess, verður eigið fé fyrirtækisins að ná að minnsta kosti því marki sem kveðið er á um í 1. til 4. mgr., nema í eftirfarandi tilvikum:

i) þegar um fyrsta framsal er að ræða í tengslum við erf eftir gildistöku þessarar tilskipunar, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, þó mest í tíu ár eftir framsalið;

ii) þegar um er að ræða breytingu á sameignarfélagi, svo fremi að minnsta kosti einn félaginn sé áfram í félaginu eftir gildistöku þessarar tilskipunar, þó mest í tíu ár eftir gildistöku þessarar tilskipunar.

7. Við sérstakar aðstæður og með samþykki lögbærra yfirvalda þarf eigið fé fyrirtækis sem til verður við samruna tveggja eða fleiri fjárfestingarfyrirtækja og/eða fyrirtækja sem 4. mgr. tekur til þó ekki að ná því marki sem tilgreint er í 1. til 4. mgr. Þar til mörkunum sem um getur í 1. til 4. mgr. hefur verið náð má eigið fé nýja fyrirtækisins þó ekki fara niður fyrir heildarupphæð eigin fjár samrunafyrirtækjanna á þeim degi þegar samruni fer fram.

8. Eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og fyrirtækja sem 4. mgr. tekur til má ekki fara niður fyrir markið sem tilgreint er í 1. til 5. mgr. og 7. mgr. Ef það fer niður fyrir það mark er lögbærum yfirvöldum heimilt, ef aðstæður réttlæta það, að veita slíkum fyrirtækjum ákveðinn frest til þess að koma málum sínum í rétt horf eða hætta starfsemi sinni ella.